

Jón Jónsson eiga að vera sýknir af ákæru sóknarans í þessu máli, en greiða skulu þeir in solidum allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 15 kr. til hvors. — Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 46/1903:

Hið opinbera
gegn
Birni Kristjánssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu er hinn kærði Björn Kristjánsson, kaupmaður í Reykjavík, sakaður fyrir ólöglega meðala-sölu, og var hann fyrir þá sök dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkurkaupstaðar 15. okt. f. ár, til að greiða 5 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkurkaupstaðar, og allan málskostnað í héraði, en þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir ósk hins kærða.

Það er í máli þessu sannað með eiginni játningu hins kærða, að hann hafi um nokkur undanfarin ár eða síðan 1897 að minsta kosti, haft á boðstólum fyrir almenning og verzlað með Liebes Maltextract með kíníni og jární, Liebes Sagradavín og Liebes Sagrada-töflur, án þess að hann hafi haft leyfi til lyfjasölu

frekara en verzlunarleyfi það, sem hann hefir í Reykjavík. Eftir því sem upplýst hefir verið í málinu og samkvæmt skýrslu hlutaðeigandi héraðslæknis verður að álíta að vörur þær, sem nefndar hafa verið, og notaðar eru til lækninga, heyri eiginlega lyfjabúðum til, og að lyfsalar einir hafi rétt til að verzla með þær, og er það því rétt, að kærði hefir verið látinn sæta sekt fyrir að verzla með þær, sbr. tilsk. 4. desbr. 1672, 29. og 30. gr., Instrúx fyrir landlækni 25. febr. 1824, 18. gr., Instrúx fyrir héraðslækna 25. febr. 1824, 17. gr., kgsbr. 17. jan. 1783 og kansellíbréf 16. sept 1797, og þykir sektin hæfilega ákveðin 10 kr., er renni í fátækra sjóð Reykjavíkur. Með því að yfirdómurinn getur fallist á ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnað, skal staðfesta téðan dóm með áminstri breytingu á sektarupphæðinni. Eftir þessum úrslitum verður kærði og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra — Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt. —

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að sekt kærða sé 10 krónur. Kærði Björn kaupmaður Kristjánsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfir-

dóminn, málafærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors. — Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marzmán.

Nr. 1/1904:

Réttvísni

gegn

Ingibjörgu Þorsteinsdóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, gengnum 3. októbermán. f. á.. var hin ákærða, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dæmd samkvæmt 157. og 38. gr. alm. hegningarlaga til að sæta einföldu fangelsi í 16 daga og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns hennar fyrir undirrétti, Kristjáns hreppstjóra Jónssonar, 4 kr.

Þessum dómi hefir verið áfryjað til landsyfirréttarins bæði eftir beiðni dómfeldu og af hálfu hins opinbera.

Það er í málinu sannað með eigin játningu ákærðu, sem styðst við játningu hins samseka Filippusar prests Magnússonar, sem nú er látinn, að hún hafði holdlegt samræði við nefndan prest í Reykhóla-kirkju í kórnum þar sunnudaginn 5. maí 1901 eftir messu. — Þetta afbrot ákærðu, sem þá var á 18. ári (fædd 15. sept. 1883) og ekki áður hefir verið hegnt